

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum, 600 Akureyri

Garðabær, 8. ágúst 2025
202507-0065/A.B.
08.05

Efni: Ósk um umsögn – Umsókn um rannsóknarleyfi til leitar að málmum suður af Eyjafjarðardal Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er í erindi Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 7. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar um umsókn Íslenskra Jarðmálma, um rannsóknarleyfi á grundvelli laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Umsóknin tekur til fimm ára rannsóknartímabils og nær yfir svæði suður af Eyjafjarðardal og í átt að Bárðardal.

Í umsókn kemur fram að rannsóknirnar felist annars vegar í yfirborðsskoðun með dróna og hins vegar í ferðalögum um svæðið á fjórhjólum eftir þegar tilgreindum slóðum. Framkvæmdin felur samkvæmt umsókninni ekki í sér jarðrask. Tilgangur rannsóknarinnar er að leita að málmum og meta útbreiðslu og mögulegt umfang málmgrýtis.

Fuglalíf og áhrif drónaflugs

Í umsókn kemur fram að rannsóknir verði að mestu framkvæmdar með notkun dróna og ferðalögum á fjórhjólum eftir slóðum, án jarðrasks. Þrátt fyrir að slíkar rannsóknaraðferðir feli ekki í sér beina röskun á jarðvegi geta þær haft margvísleg áhrif á fuglalíf, náttúrulega kyrrð svæðisins og upplifun af víðernum.

Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að hluti rannsóknarsvæðisins nær yfir eða liggur að mikilvægu fuglasvæði, **Skjálfandafljóti** ofan Aldeyjarfoss, samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar. Svæðið hefur sérstakt verndargildi vegna mjög mikils varps heiðagæsar (*Anser brachyrhynchus*), sem er ein af ábyrgðartegundum Íslands. Samkvæmt talningu árið 2002 var talið að á svæðinu verpi allt að 4.700 pör heiðagæsa, sem gerir svæðið alþjóðlega mikilvægt. Þar að auki verpa á svæðinu einnig ýmsir vaðfuglar og andfuglar, þar á meðal spói (*Numenius phaeopus*), tjaldur (*Haematopus ostralegus*), lóupræll (*Calidris alpina*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), sem teljast einnig til ábyrgðartegunda Íslands.

Drónar geta haft umtalsverð áhrif á fugla, sérstaklega á varptíma (maí til júlí). Þeir geta valdið:

- Truflun sem leiðir til þess að fuglar yfirgefa hreiður eða hætti varpi, sem hefur áhrif á varpárangur.
- Árásarhegðun og varnarviðbrögðum, sem getur valdið þreytu hjá fuglum.
- Langtíma streituviðbrögðum, sem geta haft neikvæð áhrif

Hljóðmengun og sjónræn áhrif

Drónar gefa frá sér hljóð sem getur truflað bæði fugla og önnur villt dýr.

Tillögur Náttúruverndarstofnunar:

Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða leggur stofnunin áherslu á eftirfarandi skilyrði verði sett fyrir leyfi í samráði við Náttúrufræðisstofnun:

- Takmarkanir á drónaflugi yfir fuglasvæðum á varptíma (maí–júlí).
- Lágmarksflughæð sé skilgreind
- Drónaflug skuli ekki fara fram í beinni sjónlínu við hreiður fugla.
- Hámarksfjöldi flugferða skilgreindur og viðkvæm svæði undanskilin nema með sérstöku leyfi.
- Vöktun - ef farið er yfir viðkvæm fuglasvæði.

Stofnunin telur einnig æskilegt að ráðist verði í fuglatalningu eða grófa kortlagningu á verndargildum svæða þar sem drónaflug á að fara fram, ef ekki liggja fyrir nýleg gögn um viðkomandi svæði. Slík skráning getur nýst til að stýra rannsókninni með náttúruvernd að leiðarljósi.

Víðerni og náttúruleg ásynd

Rannsóknarsvæðið er að hluta til fjarri mannvirkjum og vegum og einkennist víða af ósnortnum víðernissvæðum með hálendiseinkennum, sandorpnu hrauni og grónum árdölum.

Þó ekki sé um jarðrask að ræða, geta drónaflug og akstur fjórhjóra valdið tímabundinni röskun á þessum þáttum – einkum vegna hljóðmengunar, sjónrænnar truflunar og nærveru fólks á afskekktum svæðum. Slíkt getur dregið úr víðernisgildi svæðisins og haft neikvæð áhrif á kyrrð og náttúrulega upplifun, sérstaklega ef ferðir og flug eru endurtekin yfir langt tímabil.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að framkvæmdin sé takmörkuð hvað varðar umfang og tíðni yfirferða á viðkvæmustu svæðunum og að gætt sé að sjónrænum og áhrifum vegna hávaða í óbyggðum.

Akstur utan vegaskrár og leyfis skylda

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.

Auk þess telst akstur utan vega allur akstur sem fer ekki eftir vegum eða slóðum sem skráðir eru í vegaskrá samkvæmt lögum um vegi. Þannig telst akstur á óskráðum slóðum – þrátt fyrir að þær séu greinilegar í landslagi – til utanvegaaksturs í skilningi laganna.

Því er mikilvægt að við leyfisveitingu sé fjallað um umferð vélknúinna ökutækja.

Framkvæmdin

Í umsókn kemur fram að ef málmar finnast á svæðinu og frekari staðfestingar eru nauðsynlegar, verði haft samband við Umhverfis- og orkustofnun og boranir skipulagðar í samráði við stofnanir. Að mati Náttúruverndarstofnunar væri slík borun óháð núverandi leyfi og myndi fela í sér nýtt leyfisskilyrt framkvæmdastig með mögulegu jarðraski. Slíkt skref myndi kalla á nýtt mat á umhverfisáhrifum, sérstaklega í ljósi nálægðar við mikilvægt fuglasvæði og mögulegrar röskunar á gróðri, jarðvegi og víðernum.

Stofnunin leggur því til að leyfisveiting nú verði bundin þeim fyrirvara að frekari rannsóknir sem fela í sér jarðrask, s.s. kjarnaboranir, verði ekki heimilaðar nema að undangengnu sérstöku umhverfismati og í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og landeigendur.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur